

2. gr.

Skilgreining á orðinu nýtingarhlutfall í grein 1.3 orðast svo:

Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga og byggingarhluta í lokunarflokkum A og B sbr. ÍST 50:1998 á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Lóðanýting segir til um hlutfallið milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð og flatarmáls lóðar. Reitanyting segir til um hlutfallið milli brúttóflatarmáls bygginga á landnotkunareit eða göturreit og flatarmáls reitsins.

3. gr.

8. mgr. grein 3.1.4. orðast svo:

Ef gert er ráð fyrir bílastæðum neðanjarðar í deiliskipulagi reiknast þau ekki með við útreikning nýtingarhlutfalls.

4. gr.

Við 2. mgr. greinar 7.2.3. bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef allir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á deiliskipulagsuppdrátt, áður en fjórar vikur eru liðnar, að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. júní 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigrún Ágústsdóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag tveggja spildna úr landi Lundar, milli Æsustaðarafleggjara og Helgadalsvegur í Mosfellsdal.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir tvær spildur úr landi Lundar, milli Æsustaðarafleggjara og Helgadalsvegur í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundum sínum þann 13. og 24. apríl 2002.

Skipulagið nær til tveggja spildna sunnan við Þingvallavegin að Suðurá. Á spildunni næst Þingvallavegi gerir tillagan ráð fyrir að reist verði tvö einbýlishús á tveimur afmörkuðum lóðum. Á spildunni næst Suðurá verður heimilt að reisa eitt einbýlishús ásamt hesthúsi/fóður- og tækjageymslu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfis í Flugumýri, lóð nr. 34.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 32 við Flugumýri, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 24. apríl 2002.

Breytingin felst í því að byggingarreitur lóðar nr. 34 færist til um 2,75 m til austurs og vesturs.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 24. maí 2002.

Helstu breytingar eru:

Heimilt er að breyta landnotkun jarðhæða Þverholts 5-11 í íbúðir.

Breyting á húshæðum Þverholts 13 og 15. Á lóð nr. 13 má reisa fimm hæða hús ásamt niðurgrofnum kjallara. Á lóð nr. 15 má reisa fjögurra hæða hús og turnhæð.

Íbúðum í Þverholti 13 og 15 fjölgar um 9.

Breyting á lóðarmörkum Þverholts 13 og 15 vegna bílastæða.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldra deiliskipulag.

F.h. Bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 4. júní 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

Dalbrautarreitir, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. apríl 2002, deiliskipulag fyrir Dalbrautarreit. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Lóð KHÍ, Stakkahlíð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 10. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands og Sjómannaskóla Íslands þar sem afmörkuð var lóð fyrir dreifistöð Orkuveitunnar. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 4. júní 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.